

Ed. 795. Frumvarp til laga [316. mál]

til laga um breyting á lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978—79.)

1. gr.

Við 1. málsg. 47. gr. bætist: „og segir um það efni í VIII kafla barnalaga.

2. gr.

48. gr. orðist svo:

Um samninga um forsjá barna og breytingar á þeim, svo og breytingar á ákvörðunum Dómsmálaráðuneytisins eða dómstóls um forsjá barna fer samkvæmt því, er segir í VIII. kafla barnalaga.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1980, og falla þá úr gildi ákvæði 2.—4. málsg. 47. gr. og 53. gr. laga nr. 60/1972.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rétt hefir þótt að skipa meginreglum um forsjá barna í frv. til barnalaga. Er lagt til í frv. þessu, að breytingar séu gerðar á lögum 60/1972 til samræmis við þær reglur, er fólgna eru í frv. til barnalaga. Er frv. þetta flutt samhliða því frv., og er ætlast til, að það taki gildi á sama tíma og ný barnalög, ef frv. til þeirra nær lögfestu.